



Velferðarnefnd
Nefndarsvið Alþingis

Reykjavík, 30. maí 2022
Tilvísun: 202205-0016

Efni: Umsögn um frumvarp til starfskjaralaga þingskjal 831 – 589. mál

Óskað er eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp um starfskjaralög en frumvarpið er samið í kjölfar yfirlýsingar stjórnvalda sem gefin var í tengslum við kjarasamninga árið 2019 þar sem sérstök áhersla var lögð á baráttuna gegn félagslegum undirboðum. Starfshópur gegn félagslegum undirboðum þar sem meðal annars sátu fulltrúar aðila vinnamarkaðarins skilaði af sér í aðdraganda yfirlýsingarinnar.

Áður en lengra er haldið skal það áréttað að lög 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sem þetta frumvarp kemur í staðinn fyrir er ein helsta vörn fyrir fólk á vinnumarkaði. Fyrsta greinin sem þar sem kveðið er á um að laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtökum vinnamarkaðarins semja um skulu vera lágmarkskjör óháð öðrum þáttum er grundvallarverndin í íslenskum vinnurétti. Þessi grein hefur verið uppfærð í nýju frumvarpi með tilliti til nýrra laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og er það vel.

Staðan á vinnumarkaði í dag er síst betri en þegar starfshópurinn skilaði af sér í janúar 2019. Eftirlit hefur legið í láginni á kóvid tímum en nú þegar vinnumarkaðurinn hefur tekið hressilega við sér, sérstaklega ferðaþjónustan hafa borist fleiri kvartanir til stéttarfélaganna. Þá hefur fjöldi fólks af erlendum uppruna komið til landsins síðustu mánuði, fólk í sérstaklega berskjaldaðri stöðu og getur það orðið til þess að undirboð og launaþjófnaður aukist.

Frumvarpið mætir að einhverju leiti því ákalli sem hefur verið að skipuleggja eftirlitshlutverk ólíkra stofnana, formgera samráð þeirra á milli og heimildir til að miðla upplýsingum og beita viðurlögum. Þá skiptir máli að skýrari línur eru dregnar á milli sjálfböðastarfa og launaðra starfa en sjálfböðastarfsemi eða ógreinilegt starfsnám hefur verið ein algengasta misnotkunin á íslenskum vinnumarkaði að undanskildum launaþjófnaði. Þá er í frumvarpinu að finna ríkari skyldur atvinnurekanda til að koma upp áreiðnalegu og aðgengilegu kerfi vegna skráningar vinnutíma starfsmanna sinna. Þannig er aukin ábyrgð færð á hendur atvinnurekanda og komið til móts við þá stöðu launafólks að málum sé vísað frá vegna tómlætis launafólks og ófullnægjandi skráninga.

Launafólk á Íslandi hefur ríkra hagsmuna að gæta hvernig lagaumgjörð um heilbrigðan vinnumarkað lítur út og því ekki skýtið að misjafnar skoðanir séu uppi um breytingar á starfskjaralögunum. Eitt aðal markmið með breytingu á lögunum frá bæjardyrum verkalýðshreyfingarinnar var að auka heimildir til refsingar fyrirtækja sem stunda launaþjófnað. Fyrirtæki sem slíkt stunda hafa komist upp með það nánast refsilaust og er þetta eitt helsta baráttumál hreyfingarinnar. Í yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninganna var meðal annars gefið þetta loforð:

Heimildir til refsinga verði auknar, í samráði við aðila vinnamarkaðarins, ef atvinnurekandi brýtur gegn lágmarkskjörum launamanns.

Alþýðusamband Íslands í samstarfi við aðildarfélög lögðu til að þetta yrði útfært með hlutlægni bótaábyrg með eftirfarandi grein í lögum:

Atvinnurekandi sem brýtur gegn lágmarkskjörum launamanns skal greiða viðkomandi févíti sem nemur 100% af höfuðstól gjaldfallinnar kröfu nema málefnalegar réttlætningarástæður séu fyrir hendi.

Með þessu ákvæði væri komið til móts við þá háværu og vaxandi kröfu vinnandi fólks að njóta verndar gegn launabjófnaði en einnig að málefnalegar réttlætningarástæður væru fyrir hendi, svo sem misskilningur, mistúlkun á samningum og fleira.

Samtök atvinnurekenda voru ekki tilbúin til að sættast á þessa leið og því hófust samningaviðræður á milli Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands um nánari útfærslu eins og kveðið var á um í yfirlýsingu stjórnvalda.

Niðurstaða þess samtals er kynnt í 14. grein þessa frumvarps og var ekki lengra komist í bili í samtali aðila á milli. Skemmst er frá því að segja að nokkur aðildarfélög og samtök innan Alþýðusambands Íslands töldu of skammt gengið, málamiðlunin jafnvel skaðleg launafólki vegna neitunarvalds atvinnurekenda og lögðust gegn því að frumvarpið yrði lagt fram í þessari mynd. Ráðherra og Samtökum atvinnulífsins var gerð grein fyrir þessari afstöðu og til umræðu var að leggja fram frumvarpið án 14. greinarinnar sem aðal ágreiningurinn var um. Sú umræða fór ekki lengra en munnlegt samkomulag gert um að frumvarpið yrði ekki lagt fram nema að undangengnu samtali. Það samtal hefur ekki átt sér stað en frumvarpið engu að síður lagt fram. Það er því alveg ljóst að djúpstæður ágreiningur er um févítisákvæði laganna og ekki er eining eða sátt innan ASÍ um þá málamiðlun sem reynd var.

Frá því málamiðlunin var lögð fram hafa orðið miklar umræður á alþjóðavettvangi um nauðsyn þess að setja á févíti eða gera atvinnurekendur ábyrga fyrir launabjófnaði. Í drögum að hinni umdeildu tilskipun Evrópusambandsins um lágmarkslaun má finna ákvæði og skyldur aðildarríkjanna að setja viðurlög við brotum á lágmarkskjörum. Þetta er því hluti af alþjóðlegri umræðu þessi dægrin og aukin nauðsyn talin að koma böndum á brot á hinum evrópska vinnumarkaði.

Það er því ljóst að ASÍ getur ekki stutt við frumvarpið eins og það er lagt fram núna með 14. greinina eins og hún er útfærð og er réttast að vísa í upphaflegu hugmyndina um hlutlæga bótaábyrgð og áframhaldandi samtal um starfskjaralögin sem raunverulega réttarbót.

Drífa Snædal
Forseti ASÍ